

**Ed.**

**223. Frumvarp til laga**

[122. mál]

um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

**1. gr.**

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

85.15.10 orðist svo:

Sjónvarpsviðtæki, einnig með innbyggðum grammofón og/eða	
útvvarpsviðtæki .....	100%
85.15.20 Útvvarpsviðtæki, einnig með innbyggðum grammofón .....	100%

**2. gr.**

Við 3. gr. tollskrárlaganna bætist nýr töluliður er orðist svo:

47. Að ákveða, að verja megi allt að 8% af tolltekjum þeim, er innheimtar verða af innflutningi, er fellur undir tollskrárn. 85.15.20, til Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frumvarp til laga um afnám heimildar til einkasölu á viðtækjum hefur verið lagt fram á þessu þingi.

Undanfarið hefur Viðtækjaverzlun ríkisins veitt einstaklingum og fyrirtækjum heimild til að flytja inn viðtæki gegn greiðslu á sérstöku gjaldi um leið og innflutningur fór fram. Hefur gjald þetta numið 30% af fob-verði hljóðvarpsviðtæka og hluta í hljóðvarpsviðtæki, en 15% af fob-verði sjónvarpsviðtækja og hluta í sjónvarpsviðtæki.

Í raun og veru hefur einkasölugjald Viðtækjaverzlunarinnar aðeins verið verðtollur, enda hefur einkasölugjaldinu af sjónvarpsviðtækjunum verið varið óskertu á sama hátt og verðtollu sjónvarpsviðtækja, þ. e. til greiðslu á stofnkostnaði sjónvarps. Einkasölugjaldinu af hljóðvarpsviðtækjum, að frádregnu tapi Viðtækjaverzlunarinnar, hefur eins og kunnugt er verið ráðstafað á 3. gr. fjárlaga, annars vegar til greiðslu á skuldum Þjóðleikhússins, en hins vegar til Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Viðtækjaverzlun ríkisins hefur rétt til einkasölu á nær öllum vörum, er falla undir tollskrárn. 85.15.10 og 85.15.20, auk þó nokkurra vörutegunda, er falla undir önnur tollskrárnúmer. Þegar á það er litið, að tekjum þeim, sem viðtækjaeinkasölnunni er ætlað að afla í ár, hefur nú þegar verið ráðstafað, svo og að sízt má rýra tekjustofna sjónvarps og Sinfóníuhljómsveitarinnar, þykir eðlilegt að hækka tolla af sjónvarpsviðtækjum og útvvarpsviðtækjum úr 80% í 100% verðtoll. Eftir atvikum hefur ekki verið talin ástæða til að hækka verðtoll á vörum, er falla undir önnur tollskrárnúmer, þótt Viðtækjaverzlunin hafi haft rétt á einkasölu á slíkum vörum.

Með hliðsjón af verðmæti innfluttra sjónvarpsviðtækja á níu fyrstu mánuðum s. l. árs, mundi 100% verðtollur af sjónvarpsviðtækjum hafa gefið um 1.5 millj. kr. meira fé á því tímabili til greiðslu á stofnkostnaði sjónvarps heldur en einkasölugjaldið ætti að gera. Innheimt fé ríkissjóðs af hljóðvarpsviðtækjum hefði hins vegar orðið 1.2 millj. kr. minna. Gera má því ráð fyrir, að hækkan á verðtollu á sjónvarpsviðtækjum og hljóðvarpsviðtækjum úr 80% í 100% svári nokkurn veginn til þeirrar innheimtu, er aflögð verður með Viðtækjaverzluninni.

Með frunvarpi þessu er raunverulega verið að auka framlög til greiðslu á stofn-  
kostnaði sjónvarps á kostnað þess hluta, er innheimtur hefur verið af hljóðvarps-  
viðtækjum.

Þótt gjöld af innfluttum hljóðvarpsviðtækjum verði framvegis nokkuð minni en  
að undanfögnu, mun það ekki valda ríkissjóði erfiðleikum. Í fyrsta lagi hefur Við-  
tækjaverzlunin verið rekin með allmiklu tapi að undanfögnu, sem að sjálfsgöðu hefur  
etið upp nokkurn hluta innheimtunnar. Í öðru lagi hefur hluta af tekjum Við-  
tækjaverzlunarinnar verið varið til greiðslu á byggingarskuldum Þjóðleikhússins,  
sem nú eru að fullu greiddar, og því ekki nauðsynlegt að gera framvegis ráðstafanir  
til tekjuöflunar þeirra vegna.

Í 2. gr. eru ákvæði um að verja megi hluta af fé því, er innheimtist vegna  
hækkunar á tolli á hljóðvarpsviðtækjum, til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Fjárveiting  
til Sinfóníuhljómsveitarinnar er sem kunnugt er á 14. gr. fjárlaga, en auk hennar  
hafa  $\frac{2}{5}$  hlutar af hagnaði Viðtækjaverzlunarinnar runnið til hljómsveitarinnar. Á  
3. gr. fjárlaga 1967 er þessi hluti áætlaður 856 þús. kr. Er hér farið fram á heimild  
til að greiða svipaða upphæð til hljómsveitarinnar.